

að, þá bjó hann sig undir að hlusta á samtalið. Hin víðtæka reynsla hans sem leynilögreglumaður hafði gert það að verkum, að hann hafði fyrir löngu gleymt hinni heimspekilegu röksemdafærslu með og móti því að standa á hleri. Röddin, sem hafði dregið at-
hygli hans að sér, var lág, en heyrn hans var skörp. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að röddin kæmi úr næstu deild fyrir framan hann, nefnilega úr nr. 8. Önnur rödd svaraði nú og sagði:

„Ég efast ekki um, að þér gerðuð það. Þér ger-
ið of mikið úr hæfileikum leynilögreglumanna vorra-
daga. Mér skyldi bara þykja gaman að því að einn
þeirra væri að elta mig. Það væri svo mikil unun í
því og ég álit það svo vandalaust, að komast undan
honum“.

Rödd þess, er síðar talaði, var hljómfögur og hann
bar orðin fram mjög skýrt, þótt hann vogaði sér ekki
að tala öllu hærra en þegar hátt er hvíslað. Mr.
Barnes lyfti höfðinu upp varlega og hagræddi kodda
sínunum þannig, að eyra hans yrði fast við hið punna
skilrúm milli deildanna. Til allrar hamingju fyrir
Mr. Barnes höfðu mennirnir leigt alla deildina og
voru báðir í neðra rúminu, en efra rúminu hafði ekki
verið hleypt niður. Mr. Barnes komst því strax að
því, að hann gat hæglega fylgst með samtali þeirra,
sem hljóðaði þannig:

„Já, en gætið að hvernig Barnes þefaði upp
slóð þessa Pettinþills og elti hann nótt og dag, þang-
að til hann veiddi hann í gildru sína“, sagði sá er